




**KVENNAÁR
2025**

BRÝNUM RAUSTINA

Niðurstöður þjóðfundar ungra kvenna og kvára
// 1. mars 2025



Kvannaár 2025

Niðurstöður Þjóðfundar
ungra kvenna og kvára

Ritstjórn:

Inga Auðbjörg K. Straumland
Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Borðstjórar:

Joanna Marcinkowska
Karen Ástu-Kristjánsdóttir
Kristín Heba Gísladóttir
Sara Stef Hildardóttir
Sigrún Birna Björnsdóttir
Steinunn Bragadóttir
Sunna Elvira Þorkelsdóttir
Tatjana Latinovic
Valgerður Þ. Pálmadóttir

Umbrot:

Inga Auðbjörg K. Straumland

Myndir:

Pórunn Hafstað

UM KVENNAÁR 2025 Árið 2025 verða fimmtíu ár liðin frá því að konur hér á landi lögðu niður launuð sem ólaunuð störf sín og stöðvuðu þannig samfélagið á hinum sögulega Kvannafrídegi 24. október 1975. Þrátt fyrir þrotlausa baráttu í hálfa öld búa konur og kvár á Íslandi enn við misrétti og ofbeldi. Því hafa rúmlega 50 gras-rótarsamtök femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks tekið höndum saman um kröfur til samfélagsins til að stuðla að jafnrétti kynjanna og lýst því yfir að árið 2025 verði Kvannaár. Kröfunum verður fylgt eftir með fjölbreyttum viðburðum yfir árið. Sömu félög og stóðu að Kvannaferkfalli 2023 standa nú að Kvannaárinu og enn fleiri bæst við. Saman munum við þrýsta á um og berjast fyrir raunverulegri jafnréttisparadís fyrir öll.

INNGANGUR

ÞJÓÐFUNDUR UNGRA KVENNA OG KVÁRA

Kvennaár 2025 stóð fyrir þjóðfundi með ungum konum og kvárum á aldrinum 16-30 ára um jafnréttismál þann 1. mars 2025. Markmið fundarins var að lyfta upp rödd ungra kvenna og kvára, heyra hvaða áskorunum þau telja okkur standa frammi fyrir og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Ástæða þess að ákveðið var að hlusta sérstaklega eftir röddum yngri kvenna og kvára er að aðstandendur Kvennaárs telja að þeirra reynsluheimur rati síst í opinbera umfjöllun.

Aðstandendur Kvennaárs 2025 buðu einstaklingum til fundarins og boð var sent á nemendur í gegnum framhaldsskólana og háskólana á höfuðborgarsvæðinu og umhverfis það. Þar sem takmörkuð sæti voru í boði og til að tryggja sem fjölbreyttasta samsetningu hópsins fengu þátttakendur persónuleg boð og þurftu jafnframt að skrá sig.

Spurningar á umræðuborðum:

Hvernig upplifið þið mismunandi stöðu kvenna, kvára og karla í samfélaginu?

Til hvaða aðgerða þarf að grípa til að stuðla að jafnrétti?

Hvað viljum við að gert sé á Kvennaári í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna?

Þjóðfundurinn fór fram í Safnaðarheimili Háteigskirkju og stóð í þrjá tíma. Umræðan fór fram í 5-6 manna hópum ásamt borðstjóra í þremur lotum sem hófst á stuttu erindi þriggja sérfræðinga og/eða baráttukvenna. Fyrst til að halda erindi var Rakel Adolphsdóttir fagstjóri Kvennasögusafns sem fjallaði um kvennasamstöðu, aktívisma og áfanga í jafnréttisbaráttunni og í kjölfarið hófst fyrsta lota borðumræðna þar sem þátttakendur ræddu spurninguna: „Hvernig upplifið þið mismunandi stöðu kvenna, kvára og karla í samfélaginu?“

Önnur lota hófst á erindi Maríu Hjálmtýsdóttur kynjafræðikennara sem dró fram stöðuna í jafnréttismálum í dag og í kjölfarið hófst umræða á borðunum um „til hvaða aðgerða þarf að grípa til að stuðla að jafnrétti?“

Í þriðju lotu var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrverandi ráðherra, borgarstjóri og Alþingiskona með erindi um baráttuna og samstöðuna. Í kjölfarið tóku við umræður um „Hvað viljum við að gert sé á Kvennaári í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna?“

Skýrslan er rituð af Ingu Auðbjörgu K. Straumland, verkefnastýru Kvennaárs 2025, Sonju Ýr Þorbergsdóttur sem situr í stjórn framkvæmdastjórnar Kvennaárs og borðstjórum þjóðfundarins: Joönnu Marcinkowska, Karen Ástu-Kristjánsdóttur, Kristínu Hebu Gísladóttur, Söru Stef Hildardóttur, Sigrúnu Birnu Björnsdóttur, Steinunni Bragadóttur, Sunnu Elvíru Þorkelsdóttur, Tatjónu Latinovic og Valgerði Þ. Pálmadóttur.

Í skýrslunni er umræða þjóðfundarins skipt upp eftir meginefnisatriðum og almennt er fjallað í hverjum flokki fyrir sig um þær birtingarmyndir misréttis sem þátttakendur sögðu frá ásamt frásögnum úr þeirra reynsluheimi og þá um til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að tryggja jafnrétti fyrir öll í samfélaginu og með hvaða hætti.

Þrátt fyrir að aldurshópurinn væri nokkuð breiður lýstu langflest ekki einungis reynslu úr menntakerfinu heldur einnig af vinnumarkaði. Hluti þátttakenda eru foreldrar og komu því einnig fram frásagnir af upplifun þeirra af ábyrgð á umönnun barna og rekstur heimilis. Í skýrslunni verður í fyrsta lagi fjallað um viðhorf til kvenna, Andrew Tate áhrifin og strákadýrkun. Því næst verður fjallað um menntakerfið, ofbeldi og áreitni, fjárhagsstöðu kvenna, vinnustaði, aðra og þriðju vaktina og loks hvað eigi að gera á Kvennaári 2025 til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- ▶ Mikið bakslag sé í gangi í jafnréttismálum og alið á sundrunu og kynjastríði.
- ▶ Eitruð karlmennska og kvenfyrirlitning sé að aukast vegna áhrifa samfélagsmiðla og áhrifavalda eins og Andrew Tate og Miðflokksins sem hafi ýtt undir skaðleg viðhorf til jafnréttis, kvenna og trans fólks.
- ▶ Upplifun þátttakenda er að það sé klárlega allt öðruvísi að vera stelpa/stálp en strákur og það sé mjög mikil strákadýrkun á Íslandi. Mun meiri kröfur séu á stelpur en stráka og það sé stöðugt verkefni að tryggja að þær fái sama pláss og strákarnir.
- ▶ Ekki er búið að tryggja kynja-, jafnréttis og hinsegin fræðslu á öllum skólastigum né reglulega fræðslu fyrir alla aldurshópa.
- ▶ Stelpur og stálp búi við mikla ógn við öryggi sitt vegna ofbeldis og áreitni og enn séu dæmi um að tekin sé afstaða með gerendum frekar en þolendum.
- ▶ Ekki sé búið að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og þar með frelsi kvenna vegna launamisréttis og meiri ábyrgðar þeirra á ólaunuðum störfum og þriðju vaktinni.
- ▶ Samfélagið geri frekar ráð fyrir því að konur séu í fæðingarorlofi í eitt ár en karlar mun styttra.
- ▶ Nefnd voru fjölmörg dæmi um hvernig konur séu látnar bera ábyrgð á þriðju vaktinni á vinnustaðnum og heima frekar en karlar – á þeirra herðum séu verkefni sem sögulega hafa verið talin kvenlæg.
- ▶ Algengast sé að skólar og frístundaheimili hringi frekar í mömmur en pabba til að sækja börn fyrr eða ef eitthvað kemur upp.
- ▶ Fleiri en einn þátttakenda hefur ákveðið að eiga ekki börn vegna þess hve ójöfn ábyrgð kynjanna er á umönnun barna og þriðju vaktinni.

ÞJÓÐFUNDUR

Hvað: Fyrirlestrar og borðaumræður
um stöðu jafnréttis á Íslandi

Hvar: Háteigskirkju, Reykjavík

Hvenær: 1. mars 2025

Hver: Stelpur og stálp





EITRUÐ KARLMENNSKA

VIÐHORF
TIL KVENNA,
ANDREW
TATE ÁHRIFIN
OG „STRÁKA-
DÝRKUN“

Eitt af þeim umræðuefnum sem skýrlega kom í ljós að endurspeglaði sameiginlega reynslu hópsins varðaði ólíka stöðu kvenna, kvára og karla í samfélaginu. Það komi fram í ólíkum viðhorfum og kröfum á kynin inni á heimilinu, á vinnumarkaði, í íþróttum, félagsstarfi, félagslífi og samfélaginu öllu.

Þátttakendur sögðu frá því hversu ómögulegt þau töldu að það væri fyrir konur að standa undir öllum þeim kröfum sem eru settar á þær. Þær eigi að vera móðurlegar en ekki of mikið, harðar en ekki of harðar og sætar en ekki of sætar. Viðhorfið sé þannig að það sé „slæmt“ fyrir konur í valdastöðum að eiga börn en það sé líka slæmt að vera einhleyp og barnlaus. Það þyki eðlilegt að karlar taki völdin í hvers kyns aðstæðum en ef konur stjórna þá eru þær „control freak“ eða einræðisherrar.

Ein birtingarmynd þess endurspeglis í fjölda kvenna sem leiði nú í stjórnámálum. Þátttakendur nefndu hversu undarleg umræðan um konur í ríkisstjórn og borgarstjórn er - þær séu kallaðar valkyrjur og kryddpiur en enginn myndi tala um hóp karla sem væri að mynda meirihluta sem *Backstreet boys*. Með þessu sé í raun verið að gera lítið úr konunum.

Svo sjaldgæft sé að konur séu að mynda meirihluta í stjórnun ríkisins eða sveitarfélaga að sumir þátttakendur lýstu því að þau væru kvíðin yfir því að ef þessar konur myndu ekki standa sig myndi það ýta undir spurningar eða neikvæð viðhorf til kvenna sem hóps. Jafnframt myndi það vekja upp spurningar um hvort konur getu staðið sig í slíkum valdastöðum almennt. Þau fagna því sannarlega að konur séu í valdastöðum en finna jafnframt fyrir aukinni pressu vegna þess enda sé fallið hjá konum miklu meira en hjá körlum sem standast ekki væntingar. Það sé algjörlega tvöfaldur standard og endurspegli samfélagslegt viðhorf um að konur séu í raun ekki einstaklingar heldur tákngeving allra kvenna.

Þegar kom að persónulegri upplifun þátttakenda er skýrt að fyrir þeim er það klárlega allt öðruvísi að vera stelpa/stálp en strákur. Þau nefna einnig að það sé mjög mikil strákadýrkun á Íslandi. Mun meiri kröfur séu á stelpur en stráka og ef þær standa ekki undir kröfunum þá hafi þeim mistekist. Það sé stöðugt verkefni fyrir stelpur að tryggja að þær fái sama pláss og möguleika eins og strákarnir. Mörg lýstu þeirri reynslu sinni að búist sé við minna af strákum í námi, íþróttum, félagsstarfi og það sé miklu meiri slaki í náminu hjá strákum en stelpum og stálpum. Ein lýsti því svo að strákar geti komist upp með að segja „æj, ég gleymdi að það ætti að skila verkefninu“ og þeir fái séns. Stelpur gætu hins vegar ekki komist upp með að skila verkefni of seint — það sé ekki í boði.

Enn fremur var upplifun þátttakenda að almennt fari meira fyrir strákunum, þeir hafi hátt, geri tilkall til hluta og finnist þeir geta allt en stelpur ekki. Nefnt var dæmi um niðurlægjandi tal

s.s. grín sem setur niður stelpur eins og „grínið“ um *girl-math* og fjármálalæsi kvenna - eins og þær séu eitthvað lélegri í því en strákar. Einnig sé alltaf sama gamla pressan á konur að gifta sig og eignast börn. Ein nefndi að hún finni þrýsting frá eldra samstarfsfólki að finna sér mann á meðan strákarnir fá hvatningu til að drífa sig í að taka meistaraþráðu og „lifa lífinu“.

EITRUÐ KARLMENNSKA

Þátttakendur voru sammála um að mikið bakslag sé í gangi þegar kemur að jafnréttismálum. Fjöldmörg dæmi séu um bullandi kvenfyrirlitningu allt niður í yngstu bekk grunnskóla og kvenhatur að aukast þrátt fyrir að víða sé verið að veita fræðslu og þekking ætti því að hafa aukist. Strákar og karlar virðist ekki skilja né nenna þessari umræðu lengur. Verið sé að ala á kynjastríði og skipta konum og körlum í hópa sem séu á móti hvort öðru sem sé mjög skaðlegt.



Nafn Andrews Tate var nefnt á nánast hverju borði á Þjóðfundinum ungra kvenna og kvára.

Eitruð karlmennska virðist jafnframt vera komin í tísku að mati þátttakenda, sem birtist m.a. í því að strákar eru komnir með mjög stórt platform fyrir karlrembu sína og skaðlegar skoðanir, það sjáist á samfélagsmiðlum, í fjölda hlaðvarpa og í fjölmiðlaumfjöllun. Þá sé hatursorðræða orðin mun algengari en hún var fyrir nokkrum árum. Fólk fatti ekki hvaða áhrif orð þeirra hafa og að þau séu að stuðla að misrétti.

Einnig nefndu þátttakendur hve áberandi einangrun sé hjá drengjum, sem sé hættuleg þar sem við verðum öll að geta endurspeglað okkur í samfélaginu. Þátttakendur voru á því að það skorti á að fólk átti sig á bakslaginu sem hefur orðið í kjölfar Covid-faraldursins og gríðarlegri aukningu á notkun samfélagsmiðla sem hefur leitt til þess að víða eru einu samskipti fólks í gegnum netið og ungt fólk hafi nær eingöngu fengið upplýsingar af netinu á Covid-tímabilinu.

EITRAÐIR ÁHRIFAVALDAR OG STRÁKADÝRKUN

Áhrifavaldar og samfélagsmiðlar sem eru að ýta undir kvenfyrirlitningu, eitraða karlmennsku og sundrunu hópa var mjög áberandi í umræðunni á þjóðfundinum.

Andrew Tate sem í dag er þekktur áhrifavaldur kom fyrst inn á sjónarsviðið í kringum 2016 — hefur verið talinn konungur eittraðrar karlmennsku, leiðandi innan „mannhvelsins“ (á ensku *manosphere* sem eru spjallsvæði og samfélög á netinu) og er

þekktastur fyrir kvenhatur og ofbeldisfulla sýn á karlmennsku. Fram kom að Andrew Tate ýti undir skaðlegar hugmyndir um kynjahlutverk og virðist hafa mikil áhrif á unga drengi og bent var á að strákar allt niður í 8. bekk horfi á efni hans og verði fyrir áhrifum. Andrew Tate og álíka áhrifavaldar virðist ná sérstaklega til ungra stráka sem finnast þeir einangraðir og misskildir. Af íslenskum áhrifavöldum var bent á t.d. Gumma Emil sem breiðir út boðskap eittraðrar karlmennsku. Þá kom fram að ótal dæmi séu um hversu algengt það er að strákar í grunnskóla og menntaskóla taki femínískri umræðu illa og snúi upp í „grín“. Framkoma þeirra sé mjög ólík eftir því hvort kennari sé kvenkyns eða karlkyns, konunum sé sýndur dónaskapur og vanvirðing en karlarnir virðist vera meira „cool“. Einnig kom fram að almennt virðist vera litið svo á að konur verði ekkert fyrir misrétti heldur séu það miklu frekar karlar sem verði fyrir misrétti þegar þeir fara í háskóla því þar séu bara konur.

Strákadýrkunin hafi aukist ótrúlega mikið í kjölfar síðustu Alþingiskosninga og töldu sumar að um vatnaskil í þessum efnum hafi verið að ræða - allt hafi farið aftur á bak í jafnréttisumræðunni. Núna snúist allt hjá strákunum um það að vera miklu harðari. Miðflokkurinn hafi verið mjög góður á samfélagsmiðlum og náð rosalega vel til stráka og karla. Í kjölfarið hafi „allt [verið] fullt af litlum strákum að segja fáránlega hluti“ sem endurspegli kvenhatur. Stelpur í ónefndum menntaskóla nefndu mjög mikla strákadýrkun og straumhvörf hafi orðið þegar frambjóðendur komu í skólann fyrir kosningar. Þar voru allir frambjóðendur spurðir hvort þeir væru femínistar og Snorri Másson hafi svarað því að hann væri ekki femínisti. Bekkjarbræður þeirra og skólabræður fögnuðu honum innilega eftir þau ummæli og þeim brá. Þær fóru svo í tíma beint eftir fundinn þar sem kennarinn tók undir með Snorra. Þær urðu litlar í sér eftir þetta. Önnur frásögn endurspeglar hve lítill almennur áhugi er á femínisma innan ónefnds framhaldsskóla. Vinsælu stelpurnar hafi femínista en það séu helst þær sem geti haft áhrif á strákana sem fylgja eitruðu áhrifavöldunum.





**Allir á mínum
aldri hugsa um
femínista sem
ógeð**

Miðflokkinn bar oft á góma í ljósi þess hve mikið hann hafi ýtt undir skaðlegar skoðanir karla, ýtt undir útbreiðslu and-femínískra skoðana, neikvæðs viðhorfs til jafnréttis, kvenna og trans fólks og bent var á að orðræða Miðflokks væri mjög í anda Andrew Tate. Fjölmiðlar taki oft upp slíka orðræðu án þess að koma með hina hliðina eða mótvægi og þess vegna verði hún oft mjög karllæg. Þá var rætt um hversu mikill munur væri á samskiptum í raunheimum og netheimum — karlremba, kvenfyrirlitning og kvenhatur þrífist í nafnleynd.

Mjög skýr krafa var um mótvægi við þessa umræðu og áhrifum Andrew Tate og Miðflokks — það þurfi femíníska áhrifavalda. Ein sagði frá því að fyrir mjög mörgum árum hafi hún búið til internetaðgang í karlkyni og fengið fullt af skilaboðum í anda boðskaps Andrew Tate. Hún hafði áttað sig á því eftir þessa innsýn hversu fljótt megi ná til þeirra sem eru einmana eða einangraðir.

ÍMYND FEMÍNISMA

Umræðurnar endurspegluðu skýrt að þátttakendum á framhaldsskólaaldri finnst stundum erfitt að fóta sig í því að vera femínisti og upplifa sterkt að það sé ekki lengur í „tísku“. Þau upplifi stundum að fólki finnst þau of miklir femínistar — öfgafemínistar — en að sama skapi finnst þeim ekki að þau séu nógu leikin í að svara fyrir það með réttum hætti. Krafan virðist vera að þau eigi að geta verið málsvavar femínisma í víðu samhengi, standi þau sig ekki nægilega vel í því þá séu þau að bregðast öllum konum og kvárum en finna líka að mörgum finnst þau of miklir femínistar. Frásagnir á borð við: „Allir á mínum aldri hugsa um femínista sem ógeð“ og „margir unglingar og jafnvel börn tengi femínisma við neikvæða ímynd og skilji ekki nákvæmlega hvað feðraveldi hefur neikvæð áhrif á alla.“

Innbyrðis átök milli kvenna trufli líka umræðuna og samstöðuna sem dæmi var nefnt þegar femínistum er stillt upp gegn hverju öðru s.s. MR vinstri kona og hægri Versló kona sem verða athyglispunktur í staðinn fyrir að feminískar áherslur séu umræðan — ekki innbyrðis átök feminista.

MENNTAKERFIÐ

KYNJA-
FRÆÐI,
JÁKVÆÐ
MISMUNUN
OG STRÁKA-
PÓKER

KYNJA- OG HINSEGIN FRÆÐI SEM SKYLDUNÁM

Þegar kom að fræðslu í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum kom fram að afar misjafnt var hvort þátttakendur hefðu fengið kynja-, jafnréttis- og/eða hinsegin fræðslu. Mörg höfðu þá upplifun að kennarar bendi á foreldra og foreldrar á kennara — sem verði að hætta og öll verði að vera samstíga. Einnig voru dæmi um að öll þessi mikilvæga fræðsla hafi einungis farið fram í einstaka fyrirlestrum eða einum tíma í lífsleikni eða samfélagsfræði — og yfirleitt hafi um helmingur nemendahópsins ekkert hlustað. Sums staðar sé kynjafræði valgrein en þurfi að mati þátttakenda að vera skyldufag því þau sem mest þurfa á fræðslunni að halda eru ólíklegust til að sækja hana.

Margir þátttakendur höfðu fengið ágætis kynfræðslu í skólanum en mjög lítið hafi verið fjallað um samskipti kynjanna umfram kynlífshlutann. Ein nefndi að hún hefði fengið ágætis kynja- og hinsegin fræðslu í grunnskóla en svo hafi ekkert verið í framhaldsskólanum. Ljóst er af umræðunum að ekki er búið að tryggja kynja-, jafnréttis- eða hinsegin fræðslu alls staðar né reglulega.

Bent var á að á sama tíma séu sumir alveg brjálaðir þegar á að fara að kenna kynjafræði eða hinsegin fræðslu í grunnskólum sem hafi áhrif á opinbera umræðu.

Nefnt var dæmi þess þegar kynjafræðikennsla átti sér stað í menntaskóla hafi sumar stelpurnar fengið sjokk hvað strákarnir væru úti á túni og hefðu ekki haft hugmynd um hvaða áhrif kynjakerfið hefur á stelpur/konur/kvár/stálp.

Grunnskólinn reyndist nokkrum þátttakendum erfiður staður þar sem þau upplifðu skort á fagmennsku starfsfólks, mikla kvenfyrirlitningu, transfyrirlitningu og skort á fræðslu um jafnréttis- og hinsegin málefni. Mikið var fjallað um mikilvægi fræðslu og að byrjað sé snemma



meðan börnin eru ung. Nefnt var dæmi af einni sem starfar í leikskóla sem sagði að börnunum finnist svo merkilegt þegar þau læra um hinseginleikann — eins og að hægt sé að vera kvár.

Lögð var áhersla á að kynja- og hinseginfræði eigi að vera skyldunám á öllum stigum skólakerfisins, líka í kennaranámi, mikilvægt að kennaranemar læri þau fög sérstaklega vel, þetta verði að vera hluti af námsefninu og námskráin þurfi að vera skýr um það. Kyn, kyngervi, jafnrétti og hinsegin fræðsla séu mikilvæg til að breyta rótgróinni kynbundinni félagsmótun. Sem lið í fræðslu og tileinkun efnisins geti kennarar reynt að draga upp á yfirborðið hvaða ómeðvituðu fordóma eða mögulegan ótta nemendur hafi til að það sé hægt að ræða það á rólegan og hlutlausan hátt án þess að gert sé lítið úr skoðunum nemenda. Einnig sé jafningjafræðsla mikilvæg — t.d. eigi að nýta skólakerfið til að fá krakka til að gera verkefni og upplifa heiminn í sporum hvers annars.

KYNJUÐ VIÐHORF OG HEGÐUN INNAN OG UTAN SKÓLAKERFISINS

Þátttakendur spegluðu sig gjarnan hvert við annað og m.a. var rætt um hversu mismunandi það er að vera kona eftir því í hvaða hópi þær eru, s.s. í námi eða vinnu eftir því hvort það sé kvenlægt, karllægt eða nokkuð jöfn hlutföll. Nokkrir þátttakendur höfðu verið að vinna á frístundaheimili og sögðu sína reynslu vera þá að miklu minna fari fyrir stelpunum sem jafnvel gleymist af því strákar séu svo fyrirferðamiklir og stöðugt sé verið að slökkva elda í kringum þá. Önnur hafði reynslu af því að kenna og benti á að passa þyrfti sérstaklega að strákar taki ekki yfir bekk og athygli kennara — það sé mjög erfitt að hafa jafnvægi í bekknum. Algengt sé að viðhorf innan skóla (og hér var einkum vísað til menntaskóla) væru mjög karllæg — jafnvel í skólum þar sem stelpur eru í meirihluta. Strákar séu kallaðir náttúrulega klárir en stelpum er hrósað fyrir að vera duglegar ef bæði eru dúxar.

Einnig var minnst á hversu kynjaskipt nám er í háskólum þar sem konur eru í miklum meirihluta í flestum námsgreinum. Algengara sé að strákar fari í nám þar sem sögulega hafi verið fleiri karlar — þeir séu ekki að fara í nám sem sögulega hafi verið mikill meirihluti kvenna en konur séu að fara í allt nám. Þá hversu kynjað námsval væri innan tónlistar. Á jazzbraut MÍT séu karlar um 95% og mismunandi kynjaskipting milli námsgreina — sum hljóðfæri séu meira að segja kynjuð.

Fram kom að breyta verði einhliða umræðu um vanda drengja og menntunarstig karla. Átakið um að fá karlmenn inn í háskólana í tiltekna námsgreinar gangi út frá því að það sé vandamál að karlar séu í minnihluta í háskólum þegar vandamálið sé í raun það að karlar þurfa ekki að mennta sig til

að njóta sömu virðingar í samfélaginu og konur eða fá sömu kjör. Beina þurfi kastljósinu að raunverulegum kjarna vandans, þessum samfélagsvanda sem virðir ekki konur til jafns við karla.

FÉLAGSLÍF Í SKÓLUM

Þó nokkuð var rætt um ójafnrétti sem ríkti í félagslífi skólanna. Upplifunin var sú að stelpur þurfi meira að hafa fyrir því að láta bjóða sér með í allt félagslegt á öllum skólastigum. Nefnt var dæmi um formann nemendafélags í grunnskóla þar sem strákar höfðu sögulega verið með lyklavöld að skólanum en nýttu aðstöðu sína til að ýta undir karlamenningu s.s. með því að halda strákapókerkvöld. Stelpur séu þannig undirsettar félagslega strax í grunnskóla þar sem strákar ráða dagskránni og umræðunni.

Önnur reynslusaga af stelpu sem var forman í nemendafélagi í grunnskóla og tók þá reynslu með sér í framhaldsskóla þar sem hún eignaðist kærasta sem tók hægt og bítandi af henni félagslega tengslanetið úr félagsstarfinu. Þegar hann var svo orðinn besti vinur allra strákanna sem voru fyrirferðamiklir í nemendafélaginu og ráðum skólans náði hann í raun af henni völdum og var hluti af strákahópnum sem öllu réðu í félagslífinu.

Einnig var bent á að strákar komist upp með að vera aðallega skemmtilegir frekar en að taka ábyrgð á raunverulegum verkefnum sem gætu þótt „leiðinlega ábyrgð“. Grundvallarverkefnum sem fylgja því að halda utan um hvers kyns félagsstarf. Leiðinlega ábyrgðin sé sett á stelpurnar því það hentar strákunum/körlunum ekki fyrir framapotið að hafa þannig sögu.

Þá kom fram sú upplifun að strákar séu upp til hópa *tilkallar* (geri tilkall til fjölda hluta) og efist aldrei um sig. Í háskólanum sé t.d. áberandi fleiri strákar í stjórnnum félaga þrátt fyrir að meirihluti nemenda séu stelpur.

„JÁKVÆÐ MISMUNUN“

Í þessu samhengi var talað um kynjakvóta sem þátttakendur eru almennt ánægðar með, en vinni þó stundum gegn konum. Bent var á að í ónefndum menntaskóla þurfi stelpur að vera með miklu hærri einkunnir en strákar til að komast inn vegna kynjakvóta. Sami skóli sýnir jafnframt sýningar þar sem strákar eiga mun auðveldara með að fá hlutverk en stelpurnar. Kynjakvóti er því í einhverjum tilfellum farinn að vinna gegn konum. Einnig gagnrýndu tveir þátttakendur sem eru hjúkrunarfræðingar að niðurgreiðsla sé á hjúkrunarnámi fyrir stráka en að stelpurnar þurfi flestar að taka námslán.

OFBELDI OG ÁREITNI

KLÁM-
VÆÐING,
GERENDA-
MEÐVIRKNI
OG LYKLAR Á
MILLI FINGRA



“

Hún vildi vera viss
um að vinkona sín
væri á lífi

Í þessum efnum var einkum talað um klámvæðingu og ógn við öryggi stelpna og stálpa vegna ofbeldis og áreitni. Frásagnir voru á borð við „Ég hef verið *sexualised* frá unga aldri“ og „Klámvæðingin hefur mun meiri áhrif á sjálfstraust ungra stúlkna og jafnvel mjög ungra.“ Dæmisögur voru af því að stelpur labba heim með lykla á milli fingra og láta vita af sér ef þær eru að labba á milli staða einar. Þær finni það á eigin skinni að þær geta ekki gengið einar heim úr bænum — þær séu ekki öruggar. Ein sagði frá því að hún hefði verið niðri í bæ stuttu áður og verið króuð af en að hún hafi náð að sleppa. Hún sagði það hafa verið sjokkerandi reynsla. Önnur sagði frá því að vinkona hennar hafi ætlað að slíta sambandi við kærasta sinn og að hún hafi beðið vinkonuna um að hringja í sig eftir á. Hún vildi vera viss um að vinkona sín væri á lífi.

ÁREITNI

Sumar höfðu unnið sem þjónar og lýstu því hversu illa karlar og strákar komi fram við kvenkyns þjóna til dæmis með því að snerta þær — og körlunum hafi virst finnast það allt í lagi. Þá var fjallað um varnarleysið sem fylgir því þegar yfirmenn áreita ungar konur sem starfa hjá þeim og það geti enginn upplifað öryggi í starfi í slíkum aðstæðum. Ein af yngstu þátttakendunum sagði frá því að hegðun viðskiptavina á mat-sölustað sem hún vinnur á, væri oft mjög niðurlægjandi og minnkandi. Fólk leyfði sér að hreyta í hana frekar en þau sem eldri eru eða öskra á hana. Aðrir ávarpa hana sem „elskuna sína“, eða kalla til hennar: „hey, sæta“.

OFBELDI

Þátttakendur ræddu jafnframt um hversu óalgengt það er að ofbeldi hafi afleiðingar fyrir gerendur. Nefnd voru nokkur dæmi um kynferðisofbeldismál sem höfðu komið upp í framhaldsskólum. Í einu tilfellinu var stelpu í skólanum nauðgað og þá kom upp krafa um að eitthvað þyrfti að gera. Skólameistarinn tók ekki afstöðu með þolandanum og formaður nemendafélagsins var þá krafinn um að gera það. Síðar var málið felld niður og þá komu strákarnir til formanns nemendafélagsins og kröfðu hana um að draga til baka stuðning sinn við þolandann og biðja geranda afsökunar.

Í öðru dæminu sem rætt var kom upp nauðgunarmál í skóla og nemendurnir tóku afstöðu með þolandanum en ekki skólastjórnendur. Á endanum hrökklaðist gerandinn úr skólanum og ákváðu stjórnendur skóla þá að veita öllum í skólanum fræðslu um einelti (sem stjórnendur álitu að gerandi hefði orðið fyrir) en það þótti aldrei tilefni til að vera með fræðslu um kynferðislegt- og kynbundið ofbeldi.

Í þriðja tilfellinu sem var talað um kom fram að eftir að kynferðisbrot kom upp í skólanum stakk skólameistarinn upp á að það yrði fræðsla um kynbundið ofbeldi í hádegishléinu en datt ekki í hug að ganga úr skugga um að allir fengju fræðsluna þannig að hún yrði ekki valkvæð.



FRELSI KVENNA

**FJÁRHAGSLEGT
SJÁLFSTÆÐI
OG FYRNT
FÆÐINGAR-
ORLOF**

LAUNAJAFNRÉTTI

Flestir hópar ræddu um óréttlætið sem felst í vanmati á virði kvennastarfa sem sé ekki metið til jafns á við aðrar stéttir. Bent var á að þegar kona færi sig úr tiltekinni starfsgrein yfir í umönnunar- eða fræðslustarf og lækki hún almennt við það í launum. Laun í slíkum starfsgreinum eru almennt lægri en í öðrum starfsgreinum á vinnumarkaði.

Tilfinning þátttakenda er sú að nú séu karlar að færa sig úr pólitík þar sem konurnar eru að taka yfir sviðið og yfir í til dæmis fjármálageirann þar sem launin eru enn hærri og mikið launamisrétti milli kynjanna þrífst. Einnig ræddu þær um hve algengt væri að ekki sé rætt um laun á vinnustöðum og launaleynd ríkti enn í reynd þrátt fyrir að hún hafi verið bönnuð með lögum. Þá var bent á hversu algengt það er að karlar fái hærri laun vegna aukagreiðslna sem þeir fá umfram konur ásamt því að konur skori neðar í launaflokkum og töxtum fyrir sömu störf en karlar.

Þegar svo loks væri gripið til aðgerða á borð við leiðréttingu launa kennarastéttarinnar hafi viðbrögðin verið neikvæð og harkaleg. Þátttakendur töldu mikilvægt að samfélagið standi með kennurum og öllum kvennastéttunum. Sem dæmi um aðgerðir sem grípa þarf til er að talað verði meira opinberlega um óréttlætið sem fylgir því að kvennastéttir séu á lægri launum.

FJÁRHAGSLEGT SJÁLFSTÆÐI

Þónokkur umræða var um fjárhagslegt sjálfstæði kvenna og þar með hversu frjálsar konur eru í raun. Það séu alltof mörg (sérstaklega konur) sem geri sér ekki grein fyrir hversu mikilvægt það er og hvað þær konur sem komu á undan gengu í gegnum ef til skilnaðar kom. Konur séu mun líklegri til að vera í hlutastörfum vegna þess að þær beri enn meiri ábyrgð á börnum og heimili en karlar. Einnig var talað um að fara þyrfti í átak til að kynna fyrir ungu fólki hvaða afleiðingar fjárhagslegt ósjálfstæði getur haft í för með sér.

Nefnt var að slæm staða á húsnæðismarkaði og allt of hátt leiguverð á íbúðum leiði til þess að erfitt sé fyrir konur að komast út úr slæmum aðstæðum eða sambandi vegna þess. Vitundarvakningu þurfi um mikilvægi fjárhagslegs sjálfstæðis óháð hjúskaparstöðu. Grípa þurfi til fjölmargra atriða til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði kvenna — tryggja þurfi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og dagvistun eða leikskóla fyrir öll börn að loknu fæðingarorlofi. Kerfið þurfi að grípa konur og tryggja að öll hafi mannsæmandi framfærslu.

Ræða þurfi meira um femínísk fjármál, áhrif lægri launa á kjör og lífeyrismál á mannamáli. Grípa þurfi konur á lífeyri sem hafa helgað lífi sínu ólaunuðum störfum, það þurfi að bæta þeim það upp.

FÆÐINGARORLOF

Þó nokkuð var fjallað um fæðingarorlof og bent á að mörg virðist gera ráð fyrir að kona taki fæðingarorlof í eitt ár en maðurinn hennar mun styttra, jafnvel bara 6 vikur. Algengt sé að karlar taki ekki fæðingarorlofið sitt og það fyrnist. Grípa þurfi til aðgerða til að það sé ekki alltaf sá tekjulægri í sambandinu sem taki allt fæðingarorlofið á sig - það eru nær alltaf konur sem eru þá mun lengur frá vinnu en karlar.

Nefnt var dæmi um tvær konur í tæknigeiranum sem eru ekki á lægri launum en makar þeirra en flestir virðast hafa gengið út frá því að þær myndu samt taka miklu lengra fæðingarorlof. Það sé svo mikið samfélagslegt norm að konur séu margfalt lengur í fæðingarorlofi en karlar.

Stjórnvöld verði því að tryggja að konur og karlar taki jafnt fæðingarorlof án undantekninga. Einnig að foreldri í fæðingarorlofi fái hluta lífeyristekna þess sem er ekki í fæðingarorlofi — það eigi að gerast sjálfkrafa hjá fólki sem er gift eða í sambúð — ekki þurfi að sækja um það sérstaklega eins og þarf að gera í dag. Enn fremur að tryggt verði að sumarleyfis dagar skerðist ekki hjá þeim sem eru í fæðingarorlofi.



VINNUSTAÐIR

VINNUSTAÐA-
DÚLLUR,
UPPÁHELL-
INGAR OG
FRÍPASSAR

KARLA- OG KVENNAVINNUSTAÐIR

Fjöldi reynslusagna kom upp í umræðu um vinnustaði. Eitt dæmi var um konu sem hefur unnið mikið í dyravörslu (öryggisgæslu) á skemmtistöðum og sagði það svakalegt hvað konur fá mikinn skít á sig í slíkum störfum. Allt öðruvísi viðhorf sé gagnvart körlum sem eru dyraverðir og mikill dónaskapur í garð kvenna í því hlutverki.

Leikskólakennari sagði sína reynslu af því að mun minni kröfur væru gerðar til karla sem sinna umönnun barna, þ.e. þeir þurfi síður að sinna verkefnum eins og að fara með börnin á klósettið, skipta um föt eða bleyjur. Þá sé körlum hrósað mjög mikið fyrir að vera „svona miklar dúllur“ að vinna í leikskóla. Konur fá ekki slíkt hrós fyrir sín störf. Kona í hjúkrunarstörfum nefndi að þeir fáu karlar sem starfi innan þess geira fá „frípassa“ að þeirra mati þegar komi að verkefnum á borð við umhirðu fólks, að baða það og slíkt.

Þó nokkrar konur bentu á hversu erfitt það væri að komast inn í karlageirana en ótrúlega auðvelt væri fyrir karla að koma inn í kvennageira — þar væri körlum tekið fagnandi og þetta fannst þeim pirrandi. Sagt var frá því að upplifunin sé sú t.d. í störfum tölvunarfræðinga að tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf og allt líti vel út á pappír en svo ríki mikil karlamenning á vinnustöðunum. Þannig séu dæmi af vinnustöðum þar sem konur fá ekki að vera með í hittingum eftir vinnu og missi því af tækifærum sem koma þar upp. Konur þurfi að láta bjóða sér í félagsskapinn til að vera hluti af þeirra heild.

Önnur sem vinnur í tölvuleikjabransanum segir það enn mjög karllægan vinnustað. Hún hafi engu að síður mjög jákvæða reynslu af samstarfsmönnum sínum — þeir hafi mikla trú á henni og hún upplifi mikinn stuðning þeirra. Allt aðra sögu sé hins vegar að segja þegar kemur að tölvuleikjaspilun. Þar drulli strákar yfir hana. Kærastinn hennar spili líka oft með ókunnugum og hann hefur ekki þessa reynslu — fær allt annað viðmót. Hún bendir á að auðvelt sé að fela sig á bak við skjáinn og nafnleyndina. Mikill munur sé á því að starfa í raunheiminum í tölvuleikjabransanum annars vegar og hins vegar að vera í samfélagi nafnleyndar við að spila í tölvuleikjum.

Ein kona í hópnum hefur alltaf ætlað að verða bóndi. Hún komi úr sveit og finni



mikinn stuðning í nánasta umhverfi, gangi í öll störf og bændurnir sem séu í kringum hana séu styðjandi og finnist ekkert athugavert við það. En aðrir karlar vantreysti henni, efist um hæfni hennar af því hún sé kona og spyrji „hvort hún kunni þetta virkilega.“ Henni finnist hún alltaf þurfa að vera að sanna sig fyrir þeim sem ekki þekkja hana.

FRAMKOMA OG FÉLAGSLEG TENGSL

Nefnd voru fjölmörg dæmi um hversu ólík menning eða viðhorf ríki til hegðunar eftir því hvort það sé kona eða karl sem um ræðir. Karlkyns starfsmenn megi kvarta endalaust án þess að teljast „erfiðir“ og fá mun frekar að gaspra lengi um eitthvað sem þeir eru alls ekki sérfræðingar í á formlegum vettvangi í vinnu eins og á fundum. Fólk sé fljótara að setja skotmark á konur en karla. Sérstaklega ef konu gengur vel þá er hún skotin niður fyrir eitthvað sem karl yrði aldrei skotinn niður fyrir. Ein sagði frá því að hún hefði einu sinni komið ómáluð í vinnuna og yfirmaður hennar þá sagt að það mætti hún aldrei gera aftur — það væru því allt aðrar útlitskröfur á konur en karla.

Í umræðu um hvaða aðgerða þyrfti að grípa til sögðu þátttakendur að það yrði að hætta að gefa körlum afslátt og hafa hátt um vanhæfni þeirra til að tjá sig um mál sem þeir hafa ekki þekkingu á. Mæla þurfi jafnrétti á vinnustöðum eins og hvernig tækifæri til hærri launa tengjast félagslegum tengslum, s.s. karlklúbbar og ferðir sem konur hafa ekki aðgang að. Draga þurfi fram að vinnustaðir séu eins og nemendafélög í framhaldsskólum — ef þú kemst ekki inn þar þá ertu „bara veggjaskraut sem er alltaf bara að fá the *bare minimum* félagslega og missir af tækifærunum sem fylgja því að hafa þessi félagslegu tengsl.“

ÞRIÐJA VAKTIN Á VINNUSTAÐNUM

Dæmi kom af því hversu áberandi það sé á einum kvenna-vinnustaðnum að konur taki á sig meiri ábyrgð því þannig hafi það verið í gegnum tíðina. Ef bakstur er til að mynda hluti af verkefnum í starfi þá eigi konurnar að sjá um það og fráganginn en karlarnir séu stikkfrí. Frekar sé gert ráð fyrir að konur taki á sig undirbúning, frágang og allar restar en karlar.

Enn séu hlutverk á vinnustöðum mjög kynjuð sem endurspeglar til dæmis í að líklegra sé að karlar séu í valdastöðum, ætlast sé til þess að konur sjái um „kvenlægu“ verkefni á borð við kaffivaktina eða skipuleggja fundi. Einn þátttakandi nefndi að hún ynni á karlavinnustað og þar væri ætlast til að konur sæju um að hella upp á kaffi og önnur sambærileg verkefni.

Enn fremur kom fram að upplifun þátttakenda er að karlar í stjórnendastöðum fái mun meiri slaka en konur. Þeir lyfta sér með því að vera skemmtilegi gaurinn á meðan kvenkyns stjórnendur puði þar sem enginn sér.

INNGILDING Á VINNUSTAÐ

Í umræðu um reynslu af samskiptum og menningu á vinnustað sagði eitt kvár frá því að það þurfi mikið að berjast fyrir sjálfu sér á vinnustaðnum og berjast gegn miskynjun (að hán sé ekki ávarpað sem kona/karl). Hán berst ötullega á sínum vinnustað, t.d. að rýmið sé inngildandi og tungumálið sömuleiðis. Annað kvár fann mikið fyrir því að fornöfn séu ekki virt á vinnustöðum.



ÖNNUR OG ÞRIÐJA VAKTIN

ALLTAF
HRINGTÍ
MÖMMURNAR



Mikil umræða var og sagðar voru þó nokkrar reynslusögur um ólík hlutverk kynjanna innan heimilis s.s. að heimilisverkin séu enn í meira mæli á höndum kvenna, þær þakki fyrir ferðalög, sjái um allt skipulag tengt heimilinu, kaupi gjafirnar o.s.frv.

ÖNNUR VAKTIN

Þátttakendur sem hafa unnið með börnum sögðust hafa tekið eftir því að það eru miklu frekar mömmur, líka stjúpæður sem komi og sæki börnin í frístund heldur en pabbarnir. Miklu oftar sé hringt í mömmur vegna barna í frístund til að sækja eða vegna einhvers sem kemur upp heldur en pabba.

Konur lendi svo oft í að þurfa að hugsa um aldraða ættingja, til viðbótar við barnauppeldið þar sem brestir séu í velferðarkerfinu og skortur á þjónustu og stuðning við eldra fólk. Þær veltu fyrir sér hvernig velferðarkerfið væri í dag ef umönnun hefði sögulega verið í verkahring karla. Enn fremur bentu þær á að ekki væri hlustað á konur þegar þær eru að benda á hvar þörfin liggur.

ÞRIÐJA VAKTIN

Mörg sögðu frá því að þrátt fyrir að búa með einstökum einstaklingum (s.s. jafnréttissinnuðum) þá lendi þriðja vaktin (allt skipulag og hugræn byrði) frekar á konum. Ein sagðist bera ábyrgð á nánast öllu sem viðkemur barni og heimili. Fjölmörg sögðu að mikil umræða væri innan síns heimilis um

þriðju vaktina en oft sé umræðan flókin og misjafnt hvernig karlar bregðast við. Þrátt fyrir að mikið sé talað um þetta gangi lítið að jafna ábyrgðina.

Fleiri en einn þátttakenda hefur ákveðið að eiga ekki börn vegna þess hve ójöfn ábyrgð kynjanna er á umönnun barna og þriðju vaktinni. Fjallað var um hversu margar konur hafi ekki tíma til að hugsa um sjálfar sig og tærist upp vegna þess.

Ein sagðist hafa unnið í Ævintýralandi í Kringlunni í 3 ár og hafði því reynslu af því að setja upp afmæli með foreldrum. Hún man bara eftir tveimur skiptum þar sem pabbar skipulögðu afmæli. Í Covid hafi það eingöngu verið mömmur og ömmur. Önnur sagðist koma úr fjölskyldu sem brýtur upp staðalímyndirnar þar sem pabbinn vinni með börnum, hafi alltaf verið í kvenlægu vinnuumhverfi og leggi áherslu á mjúk gildi.

Þátttakendur voru sammála um að grípa þurfi til aðgerða til að vekja meiri athygli á þriðju vaktinni og hugrænni byrði. Karlar átti sig oft ekki á því konur axli mikla ábyrgð innan heimilisins — það þurfi að fá þá til að átta sig á því hvað þeir eru ekki að gera. Efla þurfi ábyrgðartilfinningu feðra inni á heimilum, að þeir beri ábyrgð og það verður að færa orðræðuna og umræðuna þannig að það þyki eðlilegt að fólk beri jafna ábyrgð á heimilishaldi, uppeldi og öllu sem fylgir. Lykilatriði sé að leikskólar, frístund, tónlistarskólar o.s.frv. hringi ekki alltaf fyrst í mömmuna. Oftast séu það mömmurnar sem skrá börnin í hvers kyns námskeið, íþróttir, skóla o.s.frv. En þá er mikilvægt að skrá aðstandendur barna og hringt sé jafnt í forráðafólk þeirra. Þá þurfi að gera umræðuna um hugræna byrði hinseginvænni.

“

Hún man bara eftir tveimur skiptum þar sem pabbar skipulögðu afmæli

KVENNAÁR 2025

VITUNDAR- VAKNING OG VIÐBURÐIR

Fjöldi hugmynda komu um hvernig eigi að vinna að jafnrétti kynjanna á Kvennaári 2025. Nefnt var að koma þurfi femínisma aftur í tísku og gera byltingu þar sem femínismi er talaður upp og normaliseraður. Ekki síst þurfi að breyta viðhorfum þeirra sem líta á femínisma sem eitthvað neikvætt. Nýta eigi Kvennaár til að lyfta því upp að það sé „kúl að vera femínisti.“

ORÐRÆÐA FEMÍNISTA

Einnig hvöttu þátttakendur femínista til að tala um jafnrétti við öll og út um allt — alltaf að hafa gleraugun á nefinu. Þannig sé hægt að ögra viðteknum venjum með því að nota kvenkyn sem valdakyn í orðræðu. Þá var bent á að akademísk umræða um jafnrétti sé oft óaðgengileg fyrir almenning og þess vegna þurfi að setja hana fram með skýrari hætti til að sem flest skilji og tryggja að það sé frjálst og gott aðgengi að sögulegum heimildum.

SAMSTAÐA

Þátttakendur voru sammála um að það sé svo gott að finna áþreifanlega fyrir samstöðunni — að hitta fólk sem hugsar eins og þau sjálf. Það þurfi að skapa jákvæða umræðuvettvanga og styrkja samfélag femínista. Langmestum árangri skili að hittast í eigin persónu og Kvennaár ætti því að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum. Samfélagsmiðla megi nota til að ná athygli en erfitt sé að halda athygli fólks á þeim. Finna verði réttar leiðir til að konur sem kannski hafa litla orku eftir daginn geti samt tekið þátt með einum eða öðrum hætti eins og hópar í viðkvæmri stöðu, verkakonur og konur af erlendum uppruna.

Byrja þurfi snemma að tala um femínisma með skipulagðri hreyfingu, efla ungliðastarf og sjálfbodaliðastarf í jafnréttisstarfi og innan allra fylkinga og byggja brýr milli fylkinga. Þá þurfi að styðja hvort annað innan hreyfinga og femínískra hreyfinga, ekki bara hittast til að vinna eða ná pólitískum árangri heldur líka bara félagslega. Gera þurfi baráttuna nútímalegri, virkja ungmennahóp Kvenréttindafélagsins og passa að baráttan verði ekki of miðaldra t.d. með því að gefa ungu fólki rödd, með podcasti og skrifa Kvennablað þar sem Kvennaár er skrásett.

Mjög mikið var rætt um hversu lítið er af femínískum áhrifavöldum á TikTok og að við gætum staðið saman og virkjað það. Mörg bentu á mikilvægi þess að nota húmor og gera fræðslu skemmtilega og aðgengilega á samfélagsmiðlum. Reyna eigi að fá áhrifavalda og frægt íslenskt listafólk sem höfði til barna og unga fólksins í samstarf við Kvennaár 2025 til að leggja sitt af mörkum í baráttunni fyrir jafnrétti.

Baráttan verði líka að vera skemmtileg og halda eigi fleiri danskvöld. Einnig væri hægt að hafa femínískt uppistand

og hafa fræðslufund með upplýsandi umræðum og svo pubquiz — mikilvægt sé að skapa stemmingu og keppni. Miða þurfi áherslur eftir aldurshópum — meiri húmor og stuð fyrir yngri hópin og lauma fræðslu með en eldri hópar vilji lengri fræðslu s.s. fundi og ráðstefnur, en líka skemmtilega viðburði! Gaman væri að vera með vinnusmiðjur með fræðslu, skiltagerð og föndri tengt Kvennaárinu. Eða einfaldlega vera skapandi saman og bjóða upp á viðburð þar sem sé hægt að mála, leira eða búa til grímur saman. Þá var rætt um möguleika þess að hafa listakeppni í tengslum við kvennapema eða femíníska baráttu.

Til að ná sem víðast eru femínistar og aðstandendur Kvennaárs hvattir til að vera virkir í skrifum og senda inn á fréttamiðlana og fjalla t.d. um hvað konur eru að gera, hvað þær þurfa að gera, um óréttlæti, benda á orðræðuna í samfélaginu með fjölbreyttum greinum frá fjölbreyttum konum. Búin verði til „come-back“ bók með sniðugum tilsvörum til að svara leiðindakommentum sem miðast við umræðuna í dag. Þá þurfi fleiri þætti og kvikmyndir að segja sögu kvennabaráttunnar. Skipuleggja sýningu á myndinni “The day Iceland stood still” fyrir framhaldsskóla og eldri bekkir grunnskóla.

Einnig kom fram að til að ná árangri sé gott að finna hluti sem við getum verið sammála um og fókusa á það. Svo þurfi að gera meira en að ræða málin bara á netinu — það þurfi virkar aðgerðir — og mótmæli! Meira pönk líka í slíkum mótmælum og m.a. sagt að við þyrftum okkar eigið Perlu Fáfnisdóttur móment (Perla var kýrin sem Rauðsokkur fóru með á fegurðasamkeppni í mótmælaskyni).

Þá var nefnd sú hugmynd að halda þjóðfund þar sem þátttakendur væru breiðari hópur með ólíkari skoðanir en virtist vera á þjóðfundinum sem þessi skýrsla fjallar um. Sömu leiðis væri hægt að vera með viðburði sem eru sniðnir að þörum til að reyna að fá stráka og karla til að hlusta. Það þurfi að ræða við þau sem ekki eru sammála því að misrétti þrífist í samfélaginu og reyna að byggja brýr á milli hópa þar sem mörg eru í sínum bergmálshellum og litlar tengingar á milli hópa. Þannig megi stuðla að samtali sem einkennist af virðingu. Styrka þurfi fjárhagslega þau sem þegar eru að fræða og sýna þeim stuðning, eins og hópin Anti-rasistar.

ÁBYRGÐ STJÓRNVALDA

Í umræðu um til hvaða aðgerða er hægt að grípa kom skýrt fram að það sé á ábyrgð stjórnvalda að grípa til aðgerða. Fyrst og fremst þurfi þó að setja fjármagn í jafnréttismálaflokkinn til að knýja megi fram raunverulegar breytingar. Ekki sé nóg að fara í skammtímaverkefni, vera með samráðshópa og skrifa skýrslur — það þurfi raunverulegar aðgerðir. Forystufólk í stjórnámálum hafi mikil áhrif á umræðuna og þannig komi

Mikið ákall var eftir nútímalegri
vitundarvakningu, þar sem jákvæðir
áhrifavaldar væru nýttir til að vekja
athygli á femínískri baráttu



fræðslan líka inn. Virkja þurfi samkennd og að fólk, sem vinni fyrir almannahagsmuni, hagsmuni kvenna en ekki sérhagsmunahópa, sé við völd.

Einnig kom fram ábyrgð okkar, kvenna og kvára, við að beita stjórnvöld þrýstingi og að virkja fólk í kringum okkur, eiga samtöl og krefjast meira af stjórnvöldum — nota femínískar „microaggressions“. Ákvarðanir Trump í forsetaembætti sýni okkur að það þarf að huga að lagasetningu — tryggja þurfi lög og formleg réttindi. Þá verði að gera réttarkerfið þolendavænt.

JÁKVÆÐAR FYRIRMYNDIR

Til að bregðast við aukinni skautun í umræðu um kynja- og jafnréttismál nefndu þátttakendur mikilvægi þess að þekkja söguna og að hún endurspeglaði hlut kvenna og framlag þeirra. Þess vegna þurfi að draga fram hlut kvenna í sögunni og sögukennslu. Einnig væri mjög gott að búa til samfélagsmiðlaherferð út frá því þar sem er dregið fram hvaða konur hafa ekki fengið athygli og gera úr því efni fyrir samfélagsmiðla — svona her-story. Endalaust sé kennt um karlana og allt sem þeir hafa gert en svo sé almennt rétt svo minnst á eina konu. Konur séu svo sannarlega líka hluti af sögunni og það verði að draga þær fram, segja frá stöðu þeirra og framlagi.



Jafnframt þurfi að draga fram fyrirmyndir fyrir unga stráka og gæta að því að það séu líka einstaklingar sem endurspegla unglingstráka í dag sem eru með heilbrigðar skoðanir.

Enn fremur þurfi að beina kastljósinu að áhrifum umræðunnar og samfélagsmiðla á skoðanir og hugmyndir stelpna s.s. mikilli útlitsdýrkun en ótal áhrifavaldar eru skaðlegar fyrirmyndir þar sem meginmarkmið þeirra er að líta vel út og eru afar grunnhyggna. Það þarf að ræða hlutina öðruvísi, draga fram aðrar áherslur og veita fólki öðruvísi fyrirmyndir - ekki bara það sem snýr að útliti og þess háttar. Reyna eigi að gera eittraða karlmennsku „ókúl.“ Í umræðu um hvaða aðgerða þarf að grípa til að stuðla að jafnrétti á vinnustöðum var lögð til aukin fræðsla og að stofnuð yrðu femínistafélög á vinnustöðum.

ÁBYRGÐ KARLA

Allt of margir karlar (og sumar konur) halda að það sé búið að ná jafnrétti og mikilvægt er að koma á framfæri að það sé alls ekki rétt. Jafnrétti er ekki náð og strákar þurfi að rífa sig í gang!

Til þess að stuðla að jafnrétti þurfa karlar að axla meiri ábyrgð að mati þátttakenda, þar sem þeir séu almennt ekki að því í dag. Það verði að gera jafn miklar kröfur á karla og gert er á konur þegar kemur að umönnun barna og þeir þurfi líka að stíga fast inn t.d. þegar kemur að samfélagsmiðlanotkun barna. Nefnt var dæmi um að strákar í framhaldsskóla hafi sýnt mikinn vilja til að bregðast við karlrembu og stíga inn þegar konur eru talaðar niður. Það þurfi að kenna strákum að axla ábyrgð án þess að þeir séu „maðurinn“ og að þeir haldi með konum — frekar en að vinna gegn þeim. Til þess að svo megi verða þarf fyrirmyndir og reynslusögur um slíkt — hjálpa þeim með orðin til að bregðast við kynjamisrétti. Fá þurfi karla og stráka sem eru femínistar til að vera í framlínunni og sýna stuðning sinn í verki t.d. á samfélagsmiðlum og þar sem þeir geta haft áhrif.

Oft sé talað um að á bak við sterkan mann sé kona en hvernig væri að snúa þessu við og kenna strákum að vera „bakvið“ stelpurnar, styðja þær og bregðast við þegar þær eru talaðar niður og þess háttar.

